



Fundargerð samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um lofslagsmál og heimsmarkmiðin

Tengiliðafundur samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um lofslagsmál og heimsmarkmið. Áhersla fundarins var heimsmarkmið frá sjónarhorni sveitarfélaga

Föstudaginn 13. september 2019, kl. 9:30-12:00 í Fagralundi í Kópavogi.

Mættir voru: Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Áslaug Karen Jóhannsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Ásta Bjarnadóttir, Auður Finnbogadóttir, Bergný Jóna Sævarsdóttir, Bjarki Valberg, Bryndís Bjarnarson, Darri Eyþórsson, Eva Björk Harðardóttir, Fanney Karlsdóttir, Guðbjörg Brá Gísladóttir, Haukur Geirmundsson, Hrönn Hrafnisdóttir, Höskuldur Þorbjarnarson, Katrín Cýrusdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Ólafur Melsted, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Þórarinn Jónsson, Þorsteinn Gunnarsson og Tómas G. Gíslason.

Einnig tóku þátt á fundinum í gegnum fjarfundabúnað: Ása Valdís Árnadóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Aðalbjörg S. Sigvaldadóttir, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Jón Steinar Garðarsson, Hrefna Jóhannesdóttir, Hulda Sif Hermannsdóttir, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Davíð Jóhannsson, Björg Ágústsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Sólveig Olga Sigurðardóttir.

Starfsmenn fundarins frá sambandinu voru Guðjón Bragason, fundarstjóri, Anna Guðrún Björnsdóttir, Eygerður Margrétardóttir, Ingibjörg Hinriksdóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir er ritaði fundargerð. Einnig tók þátt í gegnum fjarfundabúnað Óttar Freyr Gíslason.

Hægt er að nálgast glærur frá fundinum [á vefsíðu sambandsins](#).

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, setti fundinn. Í ávarpi hennar kom fram að sameiginlegur slagkraftur sveitarfélaga skipti sköpum til að greiða fyrir þeim umskiptum sem þurfa að eiga sér stað til að ná markmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamningsins og að Ísland nái að standa við loforð sitt um kolefnishlutleysi 2040. Staða sveitarfélaga sé mismunandi en enginn er of lítill og ekkert skref það lítið að það skipti ekki máli. Því sé samstarfsvettvangur sem þessi mikilvægur þar sem engin takmörk eru fyrir því hvaða verkefni verða tekin fyrir. Stærri sveitarfélög sem hafa stigið stór skref í þessum málum hafa sýnt vilja til að leyfa smærri sveitarfélögum að njóta góðs af þeirra vinnu enda er óþarfi að hvert sveitarfélag þurfi að reka sig á sömu hlutina. Getur þessi vettvangur aðstoðað sveitarfélögin til að sameinast um ákveðin heimsmarkmið sem hvert og eitt sveitarfélag getur síðan aðlagð að sínum aðstæðum. Nokkur íslensk sveitarfélög, svo sem Reykjavíkurborg og Kópavogur hafa vakið athygli heimsins á sinni vinnu er snýr að lofslagsmálum og heimsmarkmiðum. Aldís fór yfir mikilvægi þessa samráðsvettvangs og að aukið samtal sveitarfélaga um árangursrík og hagkvæm stjórnæki og aðgerðir muni skila sér í þeirri breiðfylkingu lausna sem eru löngu tímabær. Að lokum óskaði Aldís fundarmönnum þess að dagurinn yrði árangursríkur og marki upphaf að farsælu samstarfi til framtíðar á þessu sviði.

Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fór yfir hlutverk vettvangsins. Hlutverk hans væri að miðla þekkingu og reynslu til og á milli sveitarfélaga, greina og grípa tækifæri til samstarfs, kanna tækifæri til sameiginlegrar þróunar á aðferðum til að mæla árangur, leita leiða til að greiða fyrir aðgengi sveitarfélaga að fjármagni ásamt því að tryggja aðkomu sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun reglna og áætlana á þessu sviði.

Fram kom að um 50 sveitarfélög hafa sýnt áhuga á þátttöku í vettvangnum og hafa 39 sveitarfélög nú þegar skráð tengiliði til þátttöku. Það voru 37 sveitarfélög er mættu á stofnfundinn og nú þegar hafa 28 sveitarfélög samþykkt yfirlýsingu er send var út í kjölfar stofnfundarins.

Í máli Eygerðar var farið yfir að vettvangurinn væri samstarfsverkefni og verið væri að leggja af stað í langferð án þess að leiðin væri fast mótuð eða ljóst hver endanlegur áfangastaður væri. Til staðar væru drög að starfsáætlun til 2020 en þó starfsáætlunin nái eingöngu til 2022 þá væri ekki þar með sagt að verkefnið myndi hætta heldur væri það tækifæri til að taka stöðuna og meta framhaldið. Mikilvægt er að þátttakendur komi fram með hvaða væntingar þeir hafa til samstarfsins og hver séu forgangsmálin.

Áskoranir samtímans krefjast samstarfs og heildrænna lausna því viðfangsefni heimsmarkmiða og loftslagsmála virði engin sveitarfélagamörk. Sveitarfélögin hafa sýnt mikill vilja til að miðla þekkingu sín á milli og verið er að þróa aðferðir til að mæla árangur enda mikilvægt að hafa traustar mælingar til að bera sig saman og meta árangur af aðgerðum. Vettvangurinn nýtist vel í þessi verkefni ásamt því að vera fulltrúum sveitarfélaga í hinum ýmsu starfshópum til samráðs og samtals. Innan heimsmarkmiða eru áherslur í loftslagsmálum en með því að draga fram loftslagsmálin er verið að leggja sérstaka áherslu á þau ásamt því að vettvangurinn mun vinna að öðrum heimsmarkmiðum einnig.

Næstu skref vettvangsins er að vinna úr hugmyndum þessa fundar, setja saman vinnuhópa um afmörkuð mál, koma upp upplýsingagátt um verkefnið, halda áfram skráningu sveitarfélaga og tengiliða ásamt því að hvetja fleiri sveitarfélög til að undirrita yfirlýsinguna. Stefnt er að því að halda annan tengiliðafund í nóvember og síðan ráðstefnu á vormánuðum 2020. Markmiðið er að hafa þrjá tengiliðafundi á ári. Á fundi dagsins í dag er áhersla á heimsmarkmiðin en í nóvember yrði áhersla á loftslagsmál.

Næst á dagskrá fundarins voru stutt erindi til að kveikja hugmyndir og umræður.

Fanney Karlsdóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu og Áslaug Karen Jóhannsdóttir, sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu fjölluðu um áherslur ríkisins við innleiðingu heimsmarkmiðanna þar sem farið var yfir forgangsmarkmið, samráð og samstarf tengt markmiðunum.

Áslaug hóf erindið á því að fara almennt yfir heimsmarkmiðin og forsögu þeirra. Heimsmarkmiðin séu byggð á þúsaldarmarkmiðunum. Slagorð heimsmarkmiðanna er „Leave No One Behind“, þ.e.a.s. að horfa ekki á meðaltöl heldur sérstaklega á jaðarsetta hópa í samfélaginu.

Heimsmarkmiðin eru heiðursmannasáttmáli og því hafa lönd val um hvernig markmiðum er náð en árlega er ráðherrafundur í New York þar sem aðilar segja frá hvernig gengur við innleiðingu á heimsmarkmiðunum í sínu landi. Stjórnvöld hafa myndað verkefnastjórn um heimsmarkmiðin en þar koma saman öll ráðuneyti, hagstofan og sambandið. Búið er að opna heimasíðu og er tilgangur hennar samráð og upplýsingamiðlun er byggir á erlendra fyrirmynd, s.s. frá Finnlandi. Þar inni geta allir sett inn sín verkefni sem stuðla að því að ná árangri varðandi heimsmarkmiðin en skilyrði fyrir skráningu er að um sé að ræða ný verkefni með mælanlegum markmiðum, tímasetta áætlun og tiltekið hvenær markmiði verði

náð. Hvatti Áslaug sveitarfélög sérstaklega til að setja inn sín verkefni og fá hugmyndir frá öðrum en þar inni geta einnig fyrirtæki og félagasamtök skráð verkefni.

Að lokum fór Áslaug yfir að samstarf og samráð skipti gífurlegu máli þegar stefnt er að árangri gagnvart heimsmarkmiðunum og þess vegna er Samband íslenskra sveitarfélaga fullgildur þátttakandi í verkefnahópnum og mikilvægt að sambandið hafi samþykkt að vinna markvisst að kynningu heimsmarkmiðanna. Því sé vinna líkt og á sér stað á þessum vettvangi mjög þýðingamikil.

Í framhaldinu tók Fanney við og fjallaði ítarlega um innleiðingu stjórnarráðsins á heimsmarkmiðunum. Fram kom að búið væri að vinna mikla vinnu við að kynna, kortleggja og innleiða heimsmarkmiðin og fagnaði mjög samráðsvettvangi sveitarfélaga. Fyrsta stöðutaka á Íslandi gagnvart heimsmarkmiðunum var gerð í fyrra og má finna niðurstöðurnar á heimasíðunni um heimsmarkmiðin. Uppfært eintak hafi verið sent til SP í ár og var sérstakur kafli um sveitarfélögin og starf sambandsins á sviði heimsmarkmiða. Heimsmarkmiðin eru þess eðlis að þau nást ekki nema með virkri þátttöku sveitarfélaga og nauðsynlegt er að hafa góða mælikvarða til að vísa í.

Stjórnarráðið er nú að vinna við að tengja heimsmarkmiðin við stefnu og áætlanir ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega þegar unnið er að nýjum stefnum og áætlunum. Formennska Íslands í norrænu ráðherranefndinni hefur einnig verið tengd heimsmarkmiðunum þar sem ákveðið hefur verið að setja áherslu á ungt fólk á Norðurlöndum, sjálfbæra ferðamennsku í norðri, hafið og blár vöxtur í norðri. Fanney benti fundarmönnum á að skoða Nordregio sem er rannsóknarsetur undir norrænu ráðherranefndinni en þar er mikið af efni og spennandi hlutir að gerast þar er tengjast sveitarfélögum.

Að lokum kom fram í máli þeirra beggja að Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, sé mjög ánægð með þennan samráðsvettvang og er hún upplýst um þetta starf. Fram kom í máli hennar að það eru allir talsmenn heimsmarkmiðanna og þegar hún mætir á leiðtogafundi um heimsmarkmiðin er mikið talað um mikilvægi og frumkvæði sveitarfélaga. Ráðherra og starfsmenn ráðuneyta hlakka því til að fylgjast með vinnu hópsins.

Darri Eyþórsson, sérfræðingur hjá Hagstofunni fjallaði um söfnun tölfræði fyrir alþjóðlega mælikvarða heimsmarkmiðanna. Fram kom í máli Darra að heimsmarkmiðin væri óumdeild markmið er allir geta sameinast um enda eru markmiðin almenn eðlis. En mikilvægt sé að mæla svo hægt sé að meta hvort þjóðum heims miði áfram. Því má segja að þótt markmiðin séu óumdeild séu mælikvarðarnir alls ekki óumdeildir. Það eru margar mismunandi leiðir til að mæla og mismunandi mælikvarðar gefa mismunandi stöðu. Sumir mælikvarðar eru líka þannig að það þarf flókið magn upplýsinga til að geta metið mælikvarðann.

Darri fór í framhaldinu yfir að margir aðilar hafa gefið út mismunandi mælikvarða tengda heimsmarkmiðunum og að þessir mælikvarðar ná í einhverjum tilfellum yfir sömu markmiðin er gætu þó gefið mjög ólíka mynd af stöðunni.

Heimsmarkmiðin eru skilgreind markmið og skilgreindar mælingar eru notaðar til að meta hvort heimurinn hefur færst nær markmiðunum eða ekki. Í seinustu stöðutöku kom fram að heiminum miðar ekki nógu hratt áfram miðað við markmið sem stefnt er að ná, má þar helst nefna að á heimsvísu hefur verið árangur varðandi félagsleg og efnahagsleg mál en erfiðar gengur að ná markmiðum varðandi umhverfismál.

Hlutverk Hagstofunnar er að mæla árangur Íslands samkvæmt mælikvörðum SP í tengslum við skuldbindingar Íslands gagnvart SP og heimsmarkmiðunum. Almennt í heiminum eru það hagstofur og

tölfræðistofnanir sem hafa þetta hlutverk enda hafa þær almennt það hlutverk að safna og miðla tölfræði. Mælikvarðarnir eru almennt ákveðnir í samstarfi þessara stofnana og er Hagstofan einnig í samstarfi við Hagstofur Norðurlandanna og bera stöðu Íslands saman við nágrannalöndin.

Næst fjallaði Auður Finnbogadóttir, verkefnastjóri stefnumótunar í Kópavogi, um heimsmarkmiðin í Kópavogi. Í upphafi erindi síns spilaði Auður stutt myndband um innleiðingu heimsmarkmiða í Kópavogi. Í máli Auðar kom fram að hlutverk bæjarstjórnar væri að setja framtíðarsýn, hlutverk, gildi og yfirmarkmið meðan stofnanir vinna stefnumarkandi áætlanir, markmið og mælikvarða og tengja heimsmarkmiðin við fjárhagsáætlun. Mikilvægasti þátturinn væri þó að búa til mælikvarða til að auðvelda sveitarfélaginu að halda utan um árangur í starfinu.

Í upphafi hafi verið horft til þess að ríkið hafi valið 65 áhersluatriði, samtök borga völdu síðan 92 áhersluatriði og út frá þeirra vinnu valdi Kópavogur 35 heimsmarkmið til að einbeita sér að. Þó þarf ávallt að hafa í huga að þótt Kópavogur hafi eingöngu valið 35 markmið þá tengjast öll markmiðin innbyrðis og því hafa þessi áhersluatriði áhrif á önnur heimsmarkmið.

Auður fór síðan í stuttu máli yfir innleiðingaferlið og fram kom í máli hennar að helstu áskoranir hafi verið að fólk var vant að vinna með eina stefnu í einu en þarna þarf að fara út fyrir kassann og tengja allar stefnur saman og flæða milli málaflokka. Haldnir voru vinnufundir með starfsfólki þar sem heimsmarkmiðin voru tengd beint inn í störf fólks. Í upphafi hafi heimsmarkmiðavinnan verið unnin af bæjarstjórn og síðan starfsfólki og að lokum komu íbúar að borðinu en Auður mælti með því að fá íbúa að borðinu strax í upphafi.

Kópavogur leggur mikla áherslu á árangursmælikvarða og til þess að búa til vísitölur til að fylgjast með árangri við innleiðingu heimsmarkmiðanna og hafa lagt mikla vinnu í að finna leiðir til að mæla bæði með ISO vottun, samstarf við erlenda aðila um mælingar ásamt samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og Reykjanesbæ við að útbúa mælikvarða og verið er að þróa barnvæna vísitölu með Unicef og félagsmálaráðuneytinu. Endanleg afurð á að vera Mælkó, er mælir árangur heimsmarkmiða innan Kópavogs.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps, fjallaði um mátt lítilla sveitarfélaga. Í máli Evu Bjarkar var fjallað um hvað lítið sveitarfélag líkt og Skaftárhreppur getur gert þegar kemur að heimsmarkmiðunum. Í tilfelli Skaftárhrepps sé um mjög landmikið svæði að ræða og ákveðið var að vinna aðalskipulag út frá heimsmarkmiðunum. Með heimsmarkmiðunum væri hægt að sameina hópa um ákveðin markmið og í framhaldinu leggja af stað í vinnu út frá sömu markmiðum en áður var skipulagsvinna mjög umdeild og íbúar skiptust í tvo hópa er tókust á.

Mikil vinna hefur farið í að ná íbúum að borðinu. Fyrsta skrefið var að ná öllum kjörnum fulltrúum og fá þá til að spegla sig í heimsmarkmiðunum og síðan íbúa. Fyrsti fundurinn efldi fólk mjög þar sem íbúar náðu að tengja sig við heimsmarkmiðin. Unnið var út frá því að skoða fyrst hver við vildum vera og setja gildi og það síðan heimfært á aðalskipulagsvinnunna og gildin eigi að skína í gegnum alla ákvörðunartöku sveitarfélagsins. Í raun og veru snýst vinnan um hvernig sveitarfélagi við viljum búa í.

Fram kom í máli Evu Bjarkar að margt smátt gerir eitt stórt og því eiga lítil sveitarfélög heilmikið erindi í vinnu um heimsmarkmiðin en sú vinna þarf að vera unnin í samvinnu við stóru sveitarfélögin því þar eru mælitækin og oft lausnirnar. Því sé þessi samráðsvettvangur mjög mikilvægur.

Opnað var fyrir fyrirspurnir og umræður og fjallaði fyrsta spurningin um hvort skörun væri milli upplýsingagáttar ríkisins um heimsmarkmiðin og þeirrar upplýsingagáttar er Sambandið mun opna. Í svörum kom fram markmiðið væri að láta þessar gáttir vinna saman.

Óskað var eftir upplýsingum frá Hagstofunni um hvort hægt væri að fá ýmsar tölfraeðiupplýsingar brotnar niður á sveitarfélög eða svæði. Í svari Darra kom fram að það væri misjafnt og þá yrði sérstaklega að horfa til þess hversu stór svæðin væru svo mælikvarðarnir væru ekki persónugreinanlegir vegna smæðar úrtaksins. Hagstofan gæti einnig veitt sveitarfélögum aðgang að ýmsum upplýsingum er sveitarfélög geta síðan notað í sína eigin útreikninga. Það væri þó til bóta ef sveitarfélög myndu sameinast um slíkar gagnabeiðnir því það getur verið dýrt og tímafrekt að aðlaga úrtök að hverju og einu sveitarfélagi. Því væri samtali milli Hagstofunnar og þessa vettvangs mikilvægt.

Í framhaldinu voru umræður um mikilvægi mælikvarða og þá vinnu er hefur átt sér stað t.d. í Kópavogi við að finna mælikvarða. Sandra Brá Ágústsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, benti meðal annars á kolefnisbókhald og loftslagsstefnu og mikilvægt væri að hefja þá vinnu. Eygerður vakti athygli á því að Reykjavíkurborg og Festa hafa útbúið kolefnisbókhald fyrir rekstur borgarinnar en hugsanlega vilja sveitarfélög fá kolefnisbókhald fyrir samfélagið allt.

Guðjón fór yfir að ljóst væri að verkefni væru víða en einhver staðar yrði að byrja. Hvatti hann síðan sveitarfélög til að setja verkefni sín inn á stjórnarráðssíðuna um heimsmarkmiðin.

Í framhaldi af fyrirspurnum var farið í almennar umræður um næstu skref í vinnunni. Hvort núverandi fundarform henti, meðal annars með tilliti til margra þátttakenda í gegnum fjarfundabúnað.

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, þakkaði fyrir góð erindi sem kveiktu áhuga og óskaði eftir nánari upplýsingum frá Skaftárhrepp um hvernig aðalskipulagið var tengt við heimsmarkmiðin og einnig eftir upplýsingum frá Kópavogi um hvort Mælkó mælikvarðarnir yrðu birtir opinberlega svo önnur sveitarfélög gætu nýtt sér vinnunna.

Sandra svaraði fyrir Skaftárhrepp á þá leið að fyrst voru heimsmarkmiðin valin og í framhaldi unnið aðalskipulag með markmiðin í huga og settar inn stefnur í samræmi við markmiðin. Þessi vinna er þó enn í gangi og verið að þróa þetta áfram.

Auður fór yfir að Mannvit væri að vinna með Kópavogi um hvar séu helstu snertifletir milli heimsmarkmiða og aðalskipulags en taldi mun betra að gera þetta líkt og Skaftárhreppur er að gera. Þ.e.a.s. vinna heimsmarkmiðin og síðan aðalskipulagið en ekki máta markmiðin við skipulagið eftir á. Einnig kom fram að Mælkó yrði opið en það væri spurning um á hvaða tímamarki það yrði gert opinbert og þessi vettvangur væri kjörin til að deila upplýsingum um Mælkó.

Að lokum fór Eygerður yfir næstu skref og lagði til að settir urðu saman minni vinnuhópar um sérstök verkefni. Lagt væri til að byrja með tvo hópa, annars vegar um heimsmarkmið og hins vegar um loftslagsáætlanir. Áréttað var að allir yrðu að vera meðvitaðir um að sveitarfélög munu leggja mismikið í starfið, mismunandi áherslur og þátttaka hjá sveitarfélögum og engin krafa er á einn né neinn að gera meira en hann sé tilbúinn til. Þó væri ljóst að aukin þátttaka myndi skila meiri árangri.

Lagt var til að Hrönn Hrafnisdóttir frá Reykjavíkurborg, Bryndís Bjarnarson frá Höfn í Hornafirði og Guðbjörg Brá Gísladóttir frá Garðabæ væru í vinnuhóp um lofslagsáætlanir.

Einnig var lagt til að Auður Finnbogadóttir frá Kópavogi og Eva Björk Harðardóttir frá Skaftárhrepp væru í vinnuhópi um heimsmarkmiðin.

Fram kom að áhugasamir geta haft samband við Eygerði um þátttöku í þessum vinnuhópum.

Guðjón vakti athygli á því að Umhverfisstofnun hefur hafið samráð við sambandið út af lofslagsstefnugerð og vakti einnig athygli á fundarherferð Skipulagsstofnunar í tengslum við L-in þrjú í landsskipulagsstefnunni, þ.e. loftslag, landslag og lýðsheilsa.

Anna Guðrún Björnsdóttir, starfsmaður sambandsins, minnti á að gleyma ekki þeim þáttum heimsmarkmiða er ná út fyrir umhverfismálin, t.d. heilsueflandi samfélög og fleiri verkefni er hægt er að tengja við heimsmarkmiðin.

Aldís þakkaði fyrir mjög fróðleg og flott erindi sem hafi verið gaman og hvetjandi að hlusta á. Mikilvægt væri að sveitarfélög hvöttu til almennrar þátttöku því án íbúa næst enginn árangur.

Guðjón áréttaði í lok fundar að þessi tengiliðahópur væri vettvangur sem fundarmenn eiga að nýta til að kynnast, ræða málin og spjalla saman. Vettvangurinn er að þróast og mikilvægt að fram komi gagnrýni á það hvernig við högum okkar vinnu. Að lokum væri gott að slíta fundi með orðum Gretu Thornberg um að enginn er of lítill til að ná fram breytingum.